



Borgarráð

Reykjavík, 3. mars 2025

MSS25020036

Greinargerð starfshóps um ráðningarrýni fyrir árið 2024

Lögð er fram til kynningar greinargerð starfshóps um ráðningarrýni fyrir árið 2024 ásamt samantekt fyrir tímabilið 14. febrúar til 31. desember 2024, frá þeim tíma sem beiðnaform til skráningar og afgreiðslu á ráðningarbeiðnum starfsstaða var opnað í fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Greinargerð starfshóps um ráðningarrýni fyrir árið 2024, dags. 10. febrúar 2025.

Ráðningarrýni – samantekt fyrir árið 2024, kynning.



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Starfshópur um ráðningarárni

Reykjavík, 10. febrúar 2025

MSS25020036

MINNISBLAÐ

Greinargerð starfshóps um ráðningarárni fyrir árið 2024

1. Hlutverk og skipan starfshóps

Borgarráð samþykkti á [fundi 7. september 2023 tillögu borgarstjóra](#) um skipun þriggja manna starfshóps til að rýna ráðningar á vegum sviða, skrifstofa og starfsstaða og hafa eftirfylgd með tímabundnum ráðningareglum. Nefndinni var falið að gefa út leiðbeiningar sem stuðli að gagnsærri og skilvirkri framkvæmd. Borgarstjóri er ábyrgðarmaður starfshópsins.

Starfshópin skipa þau Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs (formaður), Þorsteinn Gunnarsson, borgaritari og Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs. Starfsmaður hópsins er Jóhanna Krístrún Birgisdóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Borgarráð samþykkti á [fundi 21. desember 2023 tillögu](#) að uppfærðum tímabundnum reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg sem skyldu taka gildi frá og með 1. janúar 2024 og gilda út árið 2024. Tilgangur ráðningareglanna er að auka enn frekar yfirsýn með ráðningum og aðhald með ráðningum í störf og draga úr launakostnaði.

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins, sem lagt var fyrir borgarráð á fundi 21. desember 2023 samhliða tillögu um tímabundnar ráðningarreglur, er hlutverk starfshópsins:

„[...] að rýna ráðningar á vegum sviða, skrifstofa og starfsstaða Reykjavíkurborgar í laus stöðugildi á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024 í samræmi við tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg. Horft verði m.a. til reiknilíkana í grunnskólum, leikskólum og frístund. Starfshópurinn fundi að jafnaði einu sinni í mánuði.

Helstu verkefni:

- Kortlagning og greining á stöðu sem auki yfirsýn í samráði við fjármálastjóra, mannauðsstjóra og sviðsstjóra fag- og kjarnasviða og skrifstofustjóra í miðlægrri stjórnarsýslu.
- Mótar skýrt og einfalt verklag sem tekur mið af tímabundnum ráðningareglum Reykjavíkurborgar.
- Gerð leiðbeininga vegna tímabundins fyrirkomulags ráðninga sem stuðli að gagnsærri og skilvirkri framkvæmd.



Reykjavík



4. *Leggur mánaðarlega fram á fundi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar upplýsingar um fjölda stöðugilda í samanburði við áætluð stöðugildi, fjölda ráðningaheimilda sem eru staðfestar á sviðum, fjölda ráðningaheimilda hafnað, fjölda ráðninga frestað og fjölda ráðninga sem hætt hefur verið við á sviðum.*
5. *Eftirfylgni með smíði á mælaborði fyrir yfirlit starfa hjá Reykjavíkurborg sem er í undirbúningi á þjónustu- og nýsköpunarsviði.“*

Samkvæmt erindisbréfinu var starfstímabil starfshópsins frá 1. janúar til 31. desember 2024. Starfshópurinn skyldi skila greinargerð um vinnu sína til ábyrgðarmanns fyrir 31. janúar 2025.

2. Greinargerð starfshópsins

Starfshópurinn hélt 10 fundi á árinu 2023 og 15 fundi árið 2024. Starfshópurinn leitaði ráðgjafar innan borgarkerfisins með sérþekkingu á þeim viðfangsefnum sem voru til umræðu á fundum starfshópsins hverju sinni.

Starfshópurinn fundaði með öllum fjármálastjórum og sviðstjórum fag- og kjarnasviða í þeim tilgangi að fara yfir hlutverk og markmið nefndarinnar og fá skýringar á frávikum einstakra sviða frá fjárhagsáætlun. Stofnaður var sameiginlegur hópur vegna miðlægrar stjórnsýslu (að ÞON undanskildu) til þess að fara yfir ráðningar sviðanna. Mat starfshópsins er að stjórnendur Reykjavíkurborgar séu almennt meðvitaðir um ábyrgð sína á eftirfylgni fjármálaáætlunar samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. Tímabundnar ráðningarreglur geti þó reynst góð viðbót og aðstoð fyrir stjórnendur og að það vegi þyngra en aukin umsýsla sem fylgi því að fylla út í þau form (verklag og leiðbeiningar) sem nefndin hefur útbúið.

Á starfstímabilinu útbjó starfshópurinn verklag og leiðbeiningar til þess að styðja við framkvæmd sviða Reykjavíkurborgar á tímabundnum ráðningarreglum. Hannað var beiðnaform til skráningar og afgreiðslu á ráðningarbeiðnum starfsstaða í fjárhagskerfi borgarinnar Unit4 ERP (vef-Agresso). Það felur í sér að stjórnendur þurfa að fylla út ákveðið form þegar óskað er eftir ráðningu inn á viðkomandi starfsstað. Ráðninganefndir sviðanna taka beiðnirnar til yfirferðar og afgreiðslu miðlægt á sviðinu, undir stjórn og á ábyrgð sviðsstjóra, og fara í gegnum samþykktarferli líkt og reikningar í fjárhagskerfinu. Tilgangurinn er að sviðin hafi stjórnþæki til þess að fylgja reglunum eftir og gera eftirlit með framkvæmd reglnanna auðveldara. Áður en til útgáfu formsins kom fundaði starfshópurinn með mannauðsstjórum og fjármálastjórum sviðanna og gaf þeim kost á að koma að ábendingum. Starfshópurinn telur ljóst að umsýsla í tengslum við útfyllingu formsins sé meiri fyrir sum svið en önnur, einkum VEL og SFS, vegna starfsmannaveiltu og fjölda skammtímaráðninga í tiltekin störf. Ákvað starfshópurinn því að heimila það að fylla út eina beiðni væri um hópráðningu að ræða í stað þess að gera beiðni um hverja og eina ráðningu. Þá ákvað starfshópurinn að heimila öllum sviðum Reykjavíkurborgar að skrá sumarráðningar í einu lagi þar sem talsverð skráningarvinna og umsýsla fylgir hinu síðarnefnda.

Á starfstímabilinu lagði starfshópurinn reglulega fram upplýsingar fyrir yfirstjórn um stöðu ráðningamála.

Vinna við smíði mælaborðsins, sem ber saman raun fjölda stöðugilda við áætlaðan fjölda stöðugilda, tók talsverðan tíma og var mun flóknari og tímafrekara en haldið var. Mælaborðið er nú komið í virkni. Starfshópurinn þarf þó að fylgjast með að tryggt sé að



Þau gögn sem sett eru inn í mælaborðið séu rétt og að fjárhagsáætlanir séu í samræmi við upplýsingar í mælaborðinu. Markmið með smíði mælaborðs var að samræma aðferðarfræði og vinnubrögð á milli sviða borgarinnar og tryggja samræmi á milli gagna, en fyrir hefði legið að vinnulagið var nokkuð mismunandi á milli sviða.

3. Framlenging á tímabundnum ráðningarreglum

Á [fundi borgarráðs 19. desember 2024](#) samþykkti borgarráð að framlengja uppfærðar tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg og að þær myndu gilda til 31. desember 2026. Jafnframt var lagt fram uppfært erindisbréf starfshóps um ráðningarrýni þar sem gildistími starfstímabils starfshópsins var framlengdur til 31. desember 2026. Samkvæmt erindisbréfinu á starfshópurinn að skila greinargerð til ábyrgðarmanns fyrir 31. janúar 2027.

4. Skil á greinargerð

Hjálagt er samantekt starfshóps um ráðningarrýni fyrir tímabilið 14. febrúar - 31. desember 2024 eða frá þeim tíma sem beiðnaform til skráningar og afgreiðslu á ráðningarbeiðnum starfsstaða var opnað í fjárhagskerfi borgarinnar.





Ráðningarátturinn



Samantekt fyrir árið 2024

Kynning starfshóps um ráðningarátturinn fyrir
borgarráð 6. mars 2025



Yfirlit ráðningabeidna 2024


Tímabil 14. febrúar – 31. desember 2024 – samtals **2.302** ráðningabeidnir.






Yfirlit ráðningabeðiðna 2024

Skipting eftir sviðum




Fjöldi - SFS og VEL





Fjöldi – samþykkt / hafnað (staða)


Staða	Fjöldi	Hlutfall
Drög - ekki sent!!	7	0%
Hafnað - ferli lokið	84	4%
Samþykkt - ferli lokið	2.209	96%
Sent - er í ferli	2	0%
Samtals	2.302	100%





Fjöldi eftir sviðum - staða


Fjöldi eftir sviðum, samtals 2.302






Greining – „staða fjárheimilda“

Alls samþykktar ráðningabeiðnir eru 2.209






Greining – „tegund ráðningar“






Greining – „ástæða ráðningar“






Greining – „ástæða ráðningar“





Greining – „ástæða ráðningar“





Reykjavík